

Samstarfssamningur um ræktun Landgræðsluskóga á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu

Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, hér eftir nefndur leigusali og
Skógræktarfélag Akranes, kt. 690689-2949, hér eftir nefndur leigutaki gera með
sér svofellt samkomulag.

1. gr.

Aðilar þessa samnings hafa ákveðið að stuðla að ræktun "Landgræðsluskóga" í
landi leigusali. Stærð landsins er 20 ha.
Nánari takmörk landspildunnar eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti, sem er
dagsettur og áritaður af leigusala og leigutaka þessa samnings. Uppdrátturinn skal
fylgja samningi þessum og vera hluti af honum.
Með "Landgræðsluskógi" er í samningi þessum átt við skóg sem ræktaður er upp
á áveðurssvæðum, ógrónu, lítt- eða hálfgrónu landi.

2. gr.

Skógræktarfélag Íslands Kt. 600269-3809 er aðili að samningi þessum vegna
Landgræðsluskóga.

3. gr.

Skógræktarfélag Íslands afhendir nú og síðar, eftir því sem fjárhagur leyfir og
verkefni um "Landgræðsluskóga" kann að afla, plöntur til gróðursetningar í land
það sem samningur þessi tekur til.

4. gr.

Fagleg umsjón með Landgræðsluskógaverkefninu hefur Skógræktarfélags Íslands.

5. gr.

Leigutaki hefur landið á leigu til 70 ára en greiðir ekki leigu af landinu. Friðun
landsins, viðhald girðinga og allar opinberar kröfur, sem á landið kunna að verða
lagðar, skal leigusali greiða.

6. gr.

Leigusali skuldbindur sig til þess að halda landinu friðuðu fyrir búfé.

7. gr.

Landgræðsluskógur, sá er vex á leigulandinu, skal vera eign leigutaka á leigutímanum, í þeim skilningi að ef um sölu á afurðum úr skóginum er að ræða (s.s. sala á jólatrjám eða grisjun viðar), þá er andvirðið eign leigutaka en meðferð hans og umhirða er háð fyrirmælum Skógræktarfélags Íslands, eftir því sem við á.

8. gr.

Leigutaka er heimilt að leggja vegi og reisa nauðsynleg mannvirki, sem tilheyra starfseminni enda eru þau háð samþykki byggingaryfirvalda og leigusala.

9. gr.

Leigutaka ber að ganga snyrtilega um hið leigða land og þau mannvirki sem hann kann að reisa þar.

10. gr.

Við lok samningstímans skal landið áfram vera útivistar- og Landgræðsluskóga-svæði og áframhaldandi kvöð um ræktun og friðun landsins hvíla á því, nema nauðsyn beri til, samkvæmt almannaðörfum, enda hafi farið fram opinbert mat þar um.

Komi til opinbers mats skal leita umsagnar Skógræktarfélags Íslands.

11. gr.

Hætti leigutaki (Skógræktarfélag) starfsemi sinni á svæðinu, eða ef samningur þessi fellur úr gildi af öðrum ástæðum, skulu vegir um leigulandið og girðingar fara í vörslu Skógræktarfélags Íslands, svo og þær Landgræðsluskógaplöntur, sem hafa verið gróðursettar í landið.

Skógræktarfélag Íslands tekur þá við landinu með kvöð um áframhaldandi friðun og ræktun þess í samræmi við ákvæði samnings þessa um Landgræðsluskóga, eftir því sem við á.

Verði stofnuð önnur samtök eftir að Skógræktarfélagið hefur hætt, með hliðstæð markmið, skal það félag hafa forgang að svæðinu enda samþykki Skógræktarfélag Íslands og leigusali þann gjörning og þá gerður nýr samningur.

12. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, sem ekki verður jafnaður af aðilum, skal honum skotið til gerðardóms. Úrskurður gerðardómsins er bindandi. Aðilar tilnefna hvor sinn mann í dóminn og koma sér saman um þann þriðja sem oddamann. Skógræktarfélag Íslands vegna Landgræðsluskóga.

Náist ekki samkomulag um oddamann skulu aðilar leita til Héraðsdóms Vesturlands um að tilnefna oddamann.

Afl atkvæða ræður niðurstöðu dómsins. Gerðadómur ákveður kostnað og hver skuli greiða hann.

13. gr.

Af samningi þessum skulu gerð fjögur samhljóða frumrit. Leigusali heldur einu eintaki, leigutaki tveimur, þar af einu á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar og eitt til Skógræktarfélags Íslands.

14. gr.

Samkomulagi þessu skal þinglýsa. Leigusali greiðir kostnað af þinglýsingu.

4-11 2002

Þóli Þorlaxson

Akraneskaupstaður

Barbara G. Davis

Skógræktarfélag Akranes

Magnús Jóhannsson

Skógræktarfélag Íslands v/Landgræðsluskóga

Stepán Tóttsson

Vitundavottur

150330-2469

Kennitala

Órta Einarsson

Vitundavottur

310549-5599

Kennitala